



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið Skrifstofa stefnumörkunar og alþjóðamála

Reglur um fjárframlög til háskóla Mál nr. 192/2023

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hefur unnið drög að nýjum reglum um fjárframlög til háskóla sem lýsa forsendum og samsetningu fjárframlaga úr ríkissjóði til háskóla.

Núverandi reglur eru að verða aldarfjórðungs gamlar og því full þörf á að endurskoða þær.

Eitt af meginverkefnum Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) er að standa vörð um gæði náms í tæknifræði og verkfræði og félagið setur reglur í samvinnu við ráðuneytið um starfsheitin verkfræðingur og tæknifræðingur.

Félagið hefur alla tíð látið sig menntunarmál miklu varða og hefur um langt árabil átt samtal við stjórnvöld um mikilvægi svokallaðra STEM-greina (*Science, Technology, Engineering, Mathematics*) og hve mikilvægt er að efla nám í þeim.

Áhersla stjórnvalda nú er að efla nám í þessum greinum og ber að fagna því sérstaklega. Það veldur hins vegar vonbrigðum að í tillögu að nýjum reglum, ásamt tilheyrandi reiknilíkani, er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni í þennan flokk náms.

Þvert á móti er niðurstaðan veruleg skerðing á framlögum til náms í tæknifræði, sem og grunnnáms í verkfræði, þar sem framlag vegna útskriftarnema fylgir ekki sama margföldunarstuðuli og framlag vegna námsframvindu. Þetta á sérstaklega við um nám í Háskólanum í Reykjavík, sem verður fyrir 25% skerðingu til að standa að menntun nemenda.

Tækninám krefst aðgengis að dýrri aðstöðu til kennslu verklegra greina, mikillar verkefnavinnu og sérhæfðra námskeiða. Þessar breytingar á fjármögnun munu því grafa undan gæðum kennslu í þessum greinum, þvert á yfirlýstar áherslur stjórnvalda.

Þó fagna megi aukningu til félags- og hugvísindagreina, þá bendir niðurskurður til tæknináms ekki til þess að alvara sé á bak við hinar yfirlýstu áherslur á STEM-greinar.



Þá þarf einnig að koma til meira fjármagn til rannsókna innan STEM-greina, og mikilvægt að tengja ekki fjármögnun að miklu leyti við sókn í erlent rannsóknafé. Það skerðir mjög möguleika til rannsókna, sem hafa sérstakt mikilvægi á Íslandi.

Jafnframt er hættu á því að aukin tenging fjármögnunar við fjölda útskrifaðra nema geti leitt til þess að háskólarnir útskrifi fólk með meistaragráðu í verkfræði, sem ekki hefur þá færni sem samfélagið verður að geta treyst á.

Gæðakerfi háskólanna taka ekki á þessari hættu. Gæðakerfin eru hönnuð til að fylgja því eftir að fullnægjandi kerfi og mannauður séu fyrir hendi innan stofnana til að halda utan um starfsemina, ekki til að fylgjast með faglegu námsmati akademísku starfsfólks í einstaka greinum. Mikil áhersla á að fjölga útskriftuðum getur þvingað deildir til að beita háskólakennara þrýstingi til að hleypa í gegn nemendum sem uppfylla ekki eðlileg viðmið um þekkingu, leikni og hæfni.

Reykjavík, 14. nóvember 2023.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.